



Nr. 3/2022
16. janúar 2023

Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2022

Gengi krónunnar lækkaði um 2,1% á árinu 2022 og jókst heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri um 6% frá fyrra ári. Seðlabankinn átti gjaldeyrisviðskipti til að draga úr gengissveiflum eftir því sem hann taldi tilefni til. Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans árið 2022 námu 13,2 ma.kr. en Seðlabankinn keypti bæði og seldi gjaldeyri á árinu. Samkomutakmörkunum vegna COVID-19 farsóttarinnar var aflétt í lok febrúar sem hafði jákvæð áhrif ferðaþjónustu. Útflutningstekjur tengdar ferðaþjónustu jukust því eftir því sem leið á árið og voru snemmsumars orðnar álíka miklar og fyrir faraldurinn. Innrás Rússlands í Úkraínu og sú óvissa sem skapaðist á alþjóðlegum mörkuðum hafði mikil áhrif á þróun innlands gjaldeyrismarkaðar á árinu. Lífeyrissjóðir voru áfram umfangsmiklir kaupendur að erlendum gjaldeyri og nokkuð var um stærri fjármagnsviðskipti innlendra og erlendra aðila á árinu. Gjaldyrisforði nam 837 ma.kr. í árslok eða um 24% af vergri landsframleiðslu.

Gengisþróun

Gengi krónunnar lækkaði um 2,1% á árinu 2022 miðað við þróun gengisvísitölu en um 2,6% gagnvart evru og um 8,2% gagnvart bandaríkjadal. Gengið hækkaði á fyrri hluta ársins en lækkaði á þeim seinni. Meiri sveiflur voru í gengi krónunnar en árið á undan. Umtalsverðar tilslakanir voru gerðar á innanlandstakmörkunum vegna COVID-19 faraldursins í janúar og var öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum aflétt í lok febrúar, bæði innanlands og á landamærunum. Bjartsýni ríkti um aukna veltu í helstu útflutningsgreinum landsins, en greiningaraðilar spáðu ágætu ferðasumri auk þess sem loðnukvótinn var aukinn til muna. Gengið lækkaði skarpt í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu og jókst gengisflökt nokkuð, en lækkunin gekk fljótt til baka. Framvirk sala á gjaldeyri fór vaxandi á fyrri hluta ársins. Aukningin benti til aukinnar spákaupmennsku með krónuna en einnig til þess að útflutningsaðilar hefðu selt hluta gjaldeyrstekna sinna framvirkt. Auknar heimildir til afleiðuviðskipta sem opnað var á árið 2021 hafa því mögulega leitt til sterkari áhrifa væntinga á gengi krónunnar en áður. Umfang framvirkra

gjalddeyrissölu náði hámarki í júní en á seinni hluta ársins fór staðan lækkandi. Gengi krónunnar var hæst í lok maí en þá nam árshækkunin um 7,4%.

Þótt tekjur helstu útflutningsgreina landsins hafi aukist á árinu lækkaði gengi krónunnar. Frá byrjun júní og til ársloka nam gengislækkunin 8,3%, en lægst mældist gengið í desember. Breyttar væntingar stöfuðu meðal annars af versnandi horfum á heimsörkuðum í kjölfar átakanna í Úkraínu og vaxandi innflutnings og viðskiptahalla. Auk þess voru gjalddeyriskaup lífeyrissjóða tvöfalt meiri en árið 2021 og námu hrein kaup sjóðanna 104 ma.kr. Innstreymi erlends fjármagns í innlendar eignir vann að hluta til á móti. Annað hlutfjárútboð Íslandsbanka var haldið í mars og keyptu erlendir aðilar bréf í bankanum. Þá var innflæði erlendra fjárfesta í ríkisbréf á árinu, einkum í nýjan óverðtryggðan flokk ríkisbréfa með gjalddaga árið 2042 (RIKB 42). Íslenski hlutabréfamarkaðurinn var færður upp í flokk nýmarkaðsríkja úr flokki vaxtarmarkaða hjá vísitölufyrirtækinu FTSE Russell, en uppfærslunni var skipt í þrjá hluta og lauk tveimur þeirra á árinu, annars vegar í september og hins vegar í desember. Erlendir verðbréfasjóðir fjárfestu í kjölfarið í íslenskum hlutafélögum. Tvö skráð hlutafélög seldu hluti sína í innlendum dótturfélögum til erlendra fjárfesta á síðari hluta ársins fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Eignarhald erlendra verðbréfasjóða í innlendum hlutabréfum jókst því á árinu auk þess sem innflæði í óskráð hlutafé var umtalsvert.

Gjalddeyrismarkaður

Gjalddeyrisviðskipti Seðlabankans á árinu miðuðu að því að draga úr gengissveiflum eftir því sem tilefni var til. Hrein gjalddeyriskaup Seðlabankans á árinu námu 13,2 ma.kr. Samtals keypti Seðlabankinn gjalddeyri fyrir jafnvirði 33,9 ma.kr. (240 m.evra) á árinu en seldi gjalddeyri fyrir 20,7 ma.kr. (143 m.evra). Þyngst vógu 18 ma.kr. gjalddeyriskaup í apríl í tengslum við fjárfestingu erlendra aðila í innlendum ríkisskuldabréfum. Gjalddeyriskaup Seðlabankans fóru fram fyrstu fimm mánuði ársins en í febrúar og mars var Seðlabankinn bæði á kaup- og sölumarkaðum. Við innrás Rússlands í Úkraínu í febrúar skapaðist tímabundinn órói á gjalddeyrismarkaðnum og seldi Seðlabankinn gjalddeyri. Ágætt jafnvægi virtist ríkja á gjalddeyrismarkaðnum yfir sumarmánuðina og hafði Seðlabankinn engin afskipti af markaðnum. Í september og nóvember seldi Seðlabankinn

gjaldreyri fyrir samtals 10,8 ma.kr. en átti engin viðskipti í október og desember.

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldreyri nam um 385 ma.kr. (2,7 ma.evra) á árinu 2022, sem er um 6% aukning miðað við árið áður. Hlutdeild Seðlabankans í veltunni nam um 14% en til samanburðar var hlutdeild bankans um 21% árið á undan.

Gjaldreyrisforði

Gjaldreyrisforði Seðlabankans var í krónum talið 837,1 ma.kr., um 86 ma.kr. minni í lok árs 2022 en árið áður. Í bandaríkjadöllum minnkaði hann um 1,2 ma. og nam 5,9 ma. bandaríkjadala í árslok. Þá svaraði hann til 24% af vergri landsframleiðslu, 33% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi vöru og þjónustu í 8 mánuði. Tvær erlendar útgáfur Ríkissjóðs Íslands, samtals um 88,5 ma.kr., voru með gjalddaga á árinu og skýrir það að stærstu leyti minnkun gjaldreyrisforðans á árinu.

Inngrip og önnur gjaldreyrisviðskipti minnkuðu gjaldreyrisforðann um 5,4 ma.kr. Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld af erlendum eignum og skuldum Seðlabankans voru 4 ma.kr. Verðbreytingar á mörkuðum leiddu til 33 ma.kr. minnkunar á gjaldreyrisforða en gengisbreytingar til 36,8 ma.kr. stækkunar. Í lok árs 2022 nam gjaldreyrisforðinn að frádregnum erlendum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 602 ma.kr. Til samanburðar var forðinn þannig mældur 579 ma.kr. í lok árs 2021.

Gjaldreyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. mismunur eigna og skulda bankans í erlendum gjaldmiðlum, nam 526 ma.kr. í lok ársins 2022 samanborið við 529 ma.kr. í lok ársins 2021.

Tafla 1. Gjaldeyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði

		2020	2021	2022
Gengi krónunnar (-veiking / +styrking)	%	-10,4%	2,5%	-2,1%
Gengisflökt ¹	%	8,5%	7,0%	7,6%
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	426	363	385
þar af hlutdeild Sí	%	36,6%	21,1%	14,2%
Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	11,7	26,9	33,9
Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	144,4	49,6	20,7
Hrein gjaldeyriskaup Sí	ma.kr.	-132,7	-22,7	13,2
Gjaldeyrisforði í bandaríkjadöllum	m.USD	6.420	7.080	5.894
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr.	817	923	837
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands ²	ma.kr.	566	579	602
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka ³	ma.kr.	572	529	526
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF ⁴	%	30%	30%	24%
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi ⁵		9	10	8

1. Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga á ársgrundvelli.

2. Gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.

3. Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

4. Byggt á spá Seðlabanka Íslands um VLF fyrir árið 2022.

Mynd 1

Gengi íslensku krónunnar 2022




Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun á línunni á myndinni sýnir veikingu krónunnar en lækkun sýnir styrkingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2


Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri 2022



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 3


Hrein gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands 2022



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 4

Skammtíma gengissveiflur 2022



Heimild: Seðlabanki Íslands.